



# Innanlandsflug sem almennings- samgöngur

Málþing 4. október 2017

kl. 13:00 – 15:30

á Hótel Natura, Reykjavík



Hémiðsprent

## Dagskrá

### Setning málfþings

Jón Gunnarsson, ráðherra samgöngumála

### Innanlandsflug sem almenningssamgöngur

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar

### Hagur Íslands – ekki bara landsbyggðarinnar

Ívar Ingimarsson, talsmaður grasrótarinnar

Dýrt innanlandsflug, þín upplifun

### Langt í burtu – samt bara tveir tímar

Katrín Halldóra Sigurðardóttir, leikkona

### Bættar flugsamgöngur og betri lífsgæði

Friðbjörg Matthíasdóttir, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð

## HLÉ

### Efnahags- og félagslegur ávinningur skosku leiðarinnar

// *The socio-economic benefits of affordable air travel in remote and rural Scotland*

Rachel Hunter, Highlands and Islands Enterprise

### Pallborðsumræður

### Fundarstjóri:

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings

**Kristján Þór Magnússon** er sveitarstjóri Norðurþings og borinn og barnfæddur Húsvíkingur. Hann er með BA-próf í líffræði frá Bates College í Main í Bandaríkjunum, meistaraþróf í faraldsfræði frá Boston University School of Public Health og doktorsþróf í íþróttá- og heilsufræðum frá Háskóla Íslands.

**Jóna Árný Þórðardóttir** er framkvæmdastjóri Austurbrúar á Austurlandi og hefur gengt því starfi frá árinu 2014. Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Jóna Árný er menntaður viðskiptafræðingur og löggiltur endurskoðandi. Hennar starfsreynsla samanstendur m.a. af ráðgjafa- og endurskoðunarstörfum hjá KPMG, fjármálastjórn hjá Fjarðabyggð, sjálfstæðum atvinnurekstri og greiningarvinnu í tengslum við innra eftirlit hjá Alcoa Fjarðaáli.

**Ívar Ingimarsson** er fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta sem flutti aftur heim til Austurlands árið 2012 eftir 18 ára fjarveru. Af þessum 18 árum bjó hann 6 ár í Reykjavík og 12 ár í Englandi. Í dag rekur Ívar ferðaþjónustufyrirtækið Ferðaþjónustan Óseyri á Austurlandi ásamt eiginkonu sinni. Hann situr í stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) ásamt því að vera formaður Þjónustusamfélagsins á Héraði, en félagið er samstarfsvettvangur rúmlega 60 fyrirtækja af svæðinu og sveitarfélagsins um að gera gott samfélag betra.

**Katrín Halldóra Sigurðardóttir** er leikkona útskrifuð af leikarabraut við Listaháskóla Íslands vorið 2015. Áður stundaði hún söngnám við Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn og á Jazz- og rokkbraut við Tónlistarskóla FÍH. Katrín tók til starfa hjá Þjóðleikhúsinu strax eftir útskrift úr leikaranáminu. Þekktust er Katrín Halldóra sennilega fyrir hlutverk sitt sem Ellý í samnefndri sýningu í Borgarleikhúsinu. Katrín Halldóra er einn af stofnendum Improf Ísland og er auk þess kennari á spunanámskeiðum. Katrín Halldóra er uppalinn í Neskaupstað frá 10 ára aldri þar til hún flutti í kringum tvítugt til að stunda nám. Í dag býr Katrín og starfar í Reykjavík.

**Friðbjörg Matthíasdóttir** er forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar, búsett á Bíldudal. Friðbjörg hefur setið í bæjarstjórn Vesturbyggðar síðan árið 2010 og situr hún nú sitt annað kjörtímabil. Hún er viðskiptafræðingur með Cand. oecon próf frá Háskóla Íslands. Friðbjörg var formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga á árabílinu 2010 til 2015. Einnig stýrði hún framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellsnes á Patreksfirði á árabílinu 2007 til 2011. Á árunum 2004 til 2007 var hún framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvar Grundarfjarðar og þar áður skrifstofustjóri hjá Grundarfjarðarbæ.

**Rachel Hunter** er svæðisstjóri fyrir Hjaltdlandseyjar og Moray-sýslu hjá Highland and Islands Enterprise (HIE) í Skotlandi. Rachel var skipuð svæðisstjóri fyrir Hjaltdlandseyjateymið árið 2012 eftir að hafa starfað í mismunandi hlutverkum hjá stofnuninni í níu ár. Frá því síðla árs 2016 hefur hún veitt teyminu er starfar í Morey-sýslu forstöðu. Rachel er fædd og uppalin á Hjaltdlandseyjum. Hún dvaldi um tíma við nám og störf á meginlandi Skotlands en hún er m.a. menntuð í listasögu og heimspeki. Hún flutti aftur heim árið 2001.